

Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 3. september kl. 09:00 var haldinn 1929. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Ástrún Eva Sívertsen, Sigríður J. Jónsdóttir og Guðjón Ingi Eggertsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Arctic Algae ehf., kt. 461123-0900, dags. 15. júní 2026, um starfsleyfi fyrir framleiðslu og dreifingu á fjörugrasageli, innflutning á hráefni til framleiðslunnar og vefverslun með forpökkuð matvæli (Arctical) í matarsmiðju Matís að Vínlandsleið 12. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn Októberfest ehf., kt. 680726-1750, dags. 16. ágúst 2026, um starfsleyfi fyrir útihátíð (Októberfest SHÍ) í Vatnsmýrinni við Sæmundargötu auk sölubáss með pizzum sem koma fullleldaðar og tilbúnar til afhendingar á staðinn frá aðila með gilt starfsleyfi. Tímabundin starfsemi.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 10. til 12. september 2026 með *Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir útihátíðina Októberfest SHÍ í Vatnsmýrinni við Sæmundargötu 10. til 12. september 2026.*

Fundi slitið kl. 09:29

Guðjón Ingi Eggertsson

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Ástrún Eva Sívertsen